

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/987****2021/EES/22/102****frá 20. janúar 2020**

um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum af framseldri reglugerð (ESB) nr. 1254/2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar loftræstieininga fyrir íbúðarhúsnæði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 frá 4. júlí 2017 um setningu ramma fyrir orkumerkingar og um niðurfellingu tilskipunar 2010/30/ESB ⁽¹⁾, einkum 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í búlgörsku, króatísku, tékknesku, dönsku, hollensku, ensku, eistnesku, finnsku, þýsku, grísku, ungversku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, slóvakísku, slóvensku, spænsku og sænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1254/2014 ⁽²⁾ eru villur í e-lið 2. mgr. 1. gr. að því er varðar loftræstieiningar fyrir íbúðarhúsnæði sem falla utan gildissviðs hennar. Þær villur hafa áhrif á efni þess ákvæðis.
- 2) Í maltnesku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 1254/2014 er einnig villa í f-lið 2. mgr. 1. gr. að því er varðar loftræstieiningar fyrir íbúðarhúsnæði sem falla utan gildissviðs hennar. Sú villa hefur áhrif á efni þess ákvæðis.
- 3) Í sænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 1254/2014 er þar að auki villa í 9. lið I. viðauka og o-lið IV. viðauka að því er varðar eitt hugtakanna sem eru skilgreind að því er varðar II. til IX. viðauka. Sú villa hefur áhrif á efni þeirra ákvæða.
- 4) Því ætti að leiðrétta búlgörsku, króatísku, tékknesku, dönsku, hollensku, ensku, eistnesku, finnsku, þýsku, grísku, ungversku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, slóvakísku, slóvensku, spænsku og sænsku tungumálaútgáfuna af framseldri reglugerð (ESB) nr. 1254/2014 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 221, 10.7.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 198, 28.7.2017, bls. 1.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1254/2014 frá 11. júlí 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar loftræstieininga fyrir íbúðarhúsnæði (Stjtið. ESB L 337, 25.11.2014, bls. 27).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseld reglugerð (ESB) nr. 1254/2014 er leiðrétt sem hér segir:

1) Ákvæði 2. mgr. 1. gr. eru leiðrétt sem hér segir:

a) Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) eru búnar varmaskipti og varmadælu fyrir varmaendurvinnslu eða gera varmaflutning eða varmaútdrátt mögulegan til viðbótar við varmaendurvinnslukerfið, nema varmaflutning vegna frostvarnar eða afþingar,“.

b) *(Á ekki við um íslensku útgáfunna).*

2) *(Á ekki við um íslensku útgáfunna).*

3) *(Á ekki við um íslensku útgáfunna).*

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. janúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
